

Ráðleggingar til ferðamanna

Sóttvarnalæknir mælir með að ferðamenn sleppi ónauðsynlegum ferðalögum til Kína, þar sem COVID-19 faraldur er í gangi. Ekki er vitað til að faraldur hafi farið af stað annars staðar en í Kína.

Sóttvarnalæknir hvetur einstaklinga á ferðalögum erlendis, sérstaklega þá sem eru í Kína og annars staðar þar sem COVID-19 hefur verið staðfest að:

- Fylgjast vel með ferðatakmörkunum sem Kínverjar hafa gert innanlands og aðlaga ferðaáætlanir eins og þurfa þykir.
- Gæta vel að [almennu hreinlæti, sérstaklega handþvotti með sápu og vatni](#).
- Handspritt má nota ef ekki er hægt að þvo hendur. Þó skyldi alltaf þvo hendur með sápu og vatni ef þær eru sýnilega óhreinar.
- Forðast náíð samneyti við einstaklinga sem eru með almenn kvefeinkenni/hósta.
- Ekki snerta munn, nef eða augu með óþvegnum höndum.
- Notaðu pappír fyrir vit við hnerra og hósta og þvo hendur reglulega. Henda skal pappír eftir notkun.
- Forðast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.

Einstaklingar sem hafa verið í Kína og snúa heim eru hvattir til að halda sig heima í 14 daga eftir að þeir hafa yfirgefið Kína, sjá [leiðbeiningar til einstaklinga í sóttkví](#). Ef þeir fá einkenni frá öndunarferum, sérstaklega með hita, skulu þeir hafa samband við [heilbrigðisþjónustuna](#).